

HANDBÓK

SAMHÆFT ÁRANGURSMAT FYRIR HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI OG STOFNANIR

1.1 útgáfa
Október 2003



IBM Business Consulting Services
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Þjónusta	7
1.1 Afstaða til þjónustu	7
1.2 Afgreiðslutími þjónustu	11
1.3 Fjöldi sérgreina	13
1.4 Ábendingar	15
1.5 Starfsemistölur	20
2 Fjármál	26
2.1 Birgðastjórnun/innkaup	29
2.2 Þróun launakostnaðar	33
2.3 Fjárfesting í tækjum	34
2.4 Fjármagnskostnaður	35
3 Ferla- og gæðamál	36
3.1 Fjöldi skilgreindra verklagsreglna	36
3.2 Fjöldi og umfang gæðaverkefna	38
3.3 Fjöldi gátlista	41
3.4 Fjöldi atvika og óhappa	42
3.5 Upplýsingagjöf til skjólstæðinga	44
4 Þekking og starfsmenn	45
4.1 Endurmenntun	45
4.2 Starfsþróun	48
4.3 Starfsánægja	50
4.4 Starfsmannavelta	51
4.5 Fjarvistir	52
5 Viðauki	53
5.1 Drög að verklagsreglu um meðhöndlun ábendinga	53
5.2 Atvikaskráning vegna sjúklings – ítarlegri skýring á flokkum	55

Inngangur

Vinna við mótun og framsetningu sameiginlegrar stefnu og árangursmarkmiða heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis (HTR) og heilbrigðisstofnana hófst í mars árið 2002. Ráðgjafarsvið PricewaterhouseCoopers (nú IBM viðskiptaráðgjöf) tók að sér verkefnisstjórnun við framkvæmd verkefnisins og stýrði vinnu verkefnisstjórnar HTR og heilbrigðisstofnana við framkvæmd vinnunnar.

Markmið verkefnisins voru:

- Að tryggja að stefnu heilbrigðisyfirvalda sé komið til framkvæmdar í daglegum rekstri.
- Að stjórnendur og lykilstarfsmenn hafi yfirsýn yfir mikilvægustu árangursmælikvarða sem þeir geta haft áhrif á í daglegu starfi og geti mælt þá.
- Að draga fram þá velgengnisþætti og áhrifaþætti sem mikilvægir eru gagnvart árangursmati á starfsemi og rekstri heilbrigðisstofnana.
- Að veita stjórnendum heilbrigðisstofnana og ráðuneytisins verkfæri til stuðnings við forgangsröðun verkefna
- Að skapa grundvöll samræmds verklags við gerð langtímaáætlana, tengingu þeirra við rekstrar- og fjárhagsáætlanir og mótun árangursmælikvarða fyrir framkvæmd þjónustunnar.
- Að þjálfa stjórnendur í að vinna á grundvelli árangurstjórnunar í kjölfar stefnumótandi áætlanagerðar.
- Að afurð verkefnisins geti nýst ráðuneytinu við frekari þróun árangursstjórnunar hjá öðrum stofnunum ráðuneytisins en heilbrigðisstofnunum.

Þessum hluta verkefnisins lauk í október árið 2002, en við vinnslu þess komu fram óskir um að útbúið yrði handhægt tæki til að stuðla að því að koma verkefninu í virka innleiðingu. Niðurstaða ráðuneytisins varð sú að fela ráðgjöfum IBM viðskiptaráðgjafar að útbúa árangurskort fyrir hverja stofnun sem vistað yrði og miðlað í Excel. Upplýsingum yrði síðan safnað úr árangurskortum stofnananna í yfirsjorkort sem væri yfirlit ráðuneytis yfir frammistöðu stofnana samkvæmt sameiginlegum árangursmælikvörðum. Þessi vinna hófst í byrjun apríl 2003 og er nú að mestu lokið. Í upphafi stóð til að senda frumgerð á allar heilbrigðisstofnanir í maí 2003 en horfið var frá því vinnulagi eftir að í ljós kom að tilteknir aðilar frá heilbrigðisstofnunum voru tilbúnir til þess að taka að sér að prufukeyra frumgerðina.

Hér lítur því dagsins ljós fyrsta útgáfa árangurskorta heilbrigðisstofnana í Excel.

Um skjalið

Excelskjalið sem þessi handbók á við er 13 síður (sheet).

Á forsíðu er heiti verkefnisins: Samhæft árangursmat fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og stofnanir.

Á síðunni *Yfirlit yfir árangursmælikvarða* má sjá vinstra megin stefnukort sem lýsir tengslum á milli þeirra þátta sem marka velgengni í starfsemi ráðuneytis og stofnana, þ.e. gera þeim kleift að sinna hlutverki sínu með góðum hætti. Hægra megin á síðunni má sjá þá árangursmælikvarða sem notaðir eru. Þættirnir eru innan fjögurra vídda, en þær eru: þjónusta, fjármál, ferla- og gæðamál og þekking og starfsmenn.

Hver mælikvarði er tölusettur, t.d. er afstaða til þjónustu tölusett 1.1. Ef smellt er á töluna með bendlinum kemur upp myndræn framsetning á viðkomandi árangursmælikvarða. Hver mælikvarði getur haft fleiri en eina myndræna framsetningu og eru myndirnar þá merktar með bókstöfum (a, b, c,...).

Skjalið er tvískipt. Annars vegar er um að ræða myndræna framsetningu á árangursmælikvörðum og hins vegar gagna- og innsláttarsíður.

Myndræn framsetning:

Á síðunni *Þjónusta (1)* er myndræn framsetning á árangursmælikvörðum sem tölusettir eru 1.1 – 1.3 undir viddinni þjónusta.

Á síðunni *Þjónusta (2)* er myndræn framsetning á árangursmælikvörðum sem tölusettir eru 1.4 og 1.5.

Á síðunni *Fjármál (1)* er myndræn framsetning á árangursmælikvörðum sem tölusettir eru 2.1 og 2.2.

Á síðunni *Fjármál (2)* er myndræn framsetning á árangursmælikvörðum sem tölusettir eru 2.2 (frh.) - 2.4

Á síðunni *Ferla- og gæðamál* er myndræn framsetning á árangursmælikvörðum sem tölusettir eru 3.1 – 3.5.

Á síðunni *Þekking og starfsmenn* er myndræn framsetning á árangursmælikvörðum sem tölusettir eru 4.1 – 4.5.

Gagna- og innsláttarsíður:

Í kjölfar síðunnar *Þekking og starfsmenn* koma síður með gagnatöflum fyrir hverja vidd: *Þjónusta – gögn, Fjármál – gögn, Ferla- og gæðamál – gögn, Þekking og starfsmenn – gögn*.

Á lokasíðuna *Starfsemistöflur* eru tölulegar upplýsingar um stofnunina, s.s. fjöldi starfsmanna og vinnustunda, en þær tölur eru notaðar í útreikningum á gagna- og innsláttarsíðum.

Lykilorð til að opna innsláttarsvæði er **bsc**.

Ein síða er aftast og ber hún heitið *Ábendingar* þar sem hægt er að skrá niður athugasemdir og ábendingar. Þannig safnast saman margar ábendingar sem er gagnlegt að hafa við höndina við gerð næstu útgáfu.

Til þess að gera skjalið virkt, þannig að það endurspegli starfsemi viðkomandi stofnunar, þarf að safna saman upplýsingum og slá þær inn í gagnatöflur. Einnig skal hver stofnun setja inn sitt merki (logo) og heiti í vinstra horn skjalsins. Hver stofnun hefur möguleika á aðlögun skjalsins að sínum þörfum en innan þeirra marka þó að samanburður á milli stofnana út frá einstökum árangursmælikvörðum tapist ekki.

Á næstu síðum er að finna nánari lýsingu á notkun skjalsins.

Hverri mynd er lýst í stuttu máli og er nauðsynlegt að hafa eintak af árangurskortinu til hliðsjónar við lestur handbókarinnar. Mismunandi getur verið eftir stofnunum hverjir ábyrgðaraðilar og notendur eru. Hafa skal í huga að beri skilgreiningu handbókar ekki saman við skilgreiningu landlæknisembættisins þá gildir skilgreining landlæknis (www.landlaeknir.is).

Deildarskilgreiningar

Legudeild:

Sjúklingavistun, þ.e. innritaðir sjúklingar, sólarhringsdeild. Samkvæmt skilgreiningu landlæknisembættis er legudeild “*Deild með legurímum til meðhöndlunar á sjúklingum. Legudeild hefur á að skipa mannaafli og aðstöðu til þess að veita nauðsynlega þjónustu allan sólarhringinn. Þessar deildir geta bæði verið starfræktar alla daga vikunnar eða hluta hennar.*”¹

Dæmi um deildarheiti sem falla undir legudeild:

- Barnadeild
- Endurhæfingardeild
- Fæðingardeild
- Handlækningadeild
- Hjúkrunardeild
- Lyflækningadeild
- Öldrunardeild

Stoðdeild

Hugtakið stoðdeild er notað í handbókinni fyrir *kíníska stoðdeild* sem styður við legudeildir, þ.e. klínísk þjónusta. Dæmi um deildarheiti sem falla undir stoðdeild:

- Göngudeild
- Iðjuþjálfun
- Rannsókn
- Röntgen
- Sjúkraþjálfun
- Skurðeild
- Slysamóttaka
- Svæfing

Þjónustudeild:

Hugtakið þjónustudeild er í handbókinni notað fyrir alla almenna þjónustu sem ekki tengist klíniskri meðferð. Dæmi um deildarheiti sem falla undir stoðdeild:

- Afgreiðsla og móttaka
- Eldhús
- Húsvarsla
- Lager og birgðahald (allir lagerar)
- Læknaritara
- Ræsting
- Skrifstofa
- Tölvudeild
- Viðhaldsdeild
- Þvottahús

¹ Landlæknisembættið, Lámarksskráning vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum, 3.útgáfa 2001. bls. 12

Heilsugæsla

Heilsugæsla er skilgreind í 19 gr. laga nr. 97/1990.

"19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á og hér segir:

1. Almenn lækniþjónusta, hjúkrunarþjónusta, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, vaktþjónusta, vitjanir og sjúkraflutningar. 2. Lækningarannsóknir. 3. Sérfræðileg lækniþjónusta, tannlækningar og lækniþjónusta. 4. Heimahjúkrun. 5. Heilsuvernd...."

Þjónusta

Gögn til innsláttar í gagnatöflur eru ýmist sóttar úr afgreiðslukerfi Sögu, sjúklingabókhaldi, úrtaksmælingum eða staðlaðri ánægju- og þjónustukönnun sem heilbrigðisstofnunum er ætlað að framkvæma.

1.1 Afstaða til þjónustu

Afstaða til þjónustu birtist í fimm myndum sem ætlað er að varpa ljósi á ánægju notenda og breytingu á ánægju milli ára. Á flestum myndum er unnt að setja markmið og bera saman við niðurstöðu síðasta árs. Í upphafi mælinga er einungis reiknað með rauntölum og aðrar því settar sem núll.

Myndirnar eru:

- A. Hlutfall ánægðra milli ára
- B. Ánægja með viðmót
- C. Biðtími (frá bókun til viðtals)
- D. Ánægja með aðbúnað
- E. Ánægja með þjónustuframboð
- F. Ánægja með upplýsingagjöf

Hvítir reitir í gagnatöflu eru til gagnainnsláttar

Mynd 1.1 A.

A. Hlutfall ánægðra milli ára:	Sýnir breytingu á fjölda ánægðra milli ára mælt í prósentum.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Samræmd könnun á öllum heilbrigðisstofnunum sem framkvæmd er af landlæknisembættinu á 2ja til 3ja ára fresti.
Einingar – skilgreiningar:	Á við um þá sem eru frekar eða mjög ánægðir? Fjöldi á við hverja komu, þ.e. ef sjúklingur kemur oftar en einu sinni á tímabilinu sem mæling er framkvæmd þá svarar hann könnun við hverja komu.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Fer ánægja vaxandi eða minnkandi milli ára? Stofnun setur sér markmið og leitar leiða til að auka ánægju
Annað:	

Mynd 1.1 B.

B. Ánægja með viðmót	Sýnir ánægju með viðmót starfsfólks, einkunn 1-5.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Samræmd könnun á öllum heilbrigðisstofnunum sem framkvæmd er af landlæknisembættinu á 2ja til 3ja ára fresti.
Einingar – skilgreiningar:	Mælt á skalanum 1-5. Fjöldi á við hverja komu, þ.e. ef sjúklingur kemur oftár en einu sinni á tímabilinu sem mæling er framkvæmd þá svarar hann könnun við hverja komu.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Fer ánægja vaxandi eða minnkandi milli ára? Stofnun setur sér markmið og leitar leiða til að auka ánægju (hækka einkunn).
Annað:	Einkunnin 3,5-4 telst almennt góð einkunn. Það þarf ekki að vera markmið að fá yfir 4 í einkunn þar sem það getur kostað of mikið. Mikil ánægja með viðmót ætti hins vegar ekki að kosta mikið í beinum útgjöldum og byggist fyrst og fremst á góðu og jákvæðu starfsfólki og stofnanabrag.

Mynd 1.1 C.

C. Biðtími (frá bókun til viðtals)	Sýnir upplifun gesta/viðskiptavina á lengd biðtíma, mælt á skalanum 1-5.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar..
Tíðni og gagnalind:	Samræmd könnun á öllum heilbrigðisstofnunum sem framkvæmd er af landlæknisembættinu á 2ja til 3ja ára fresti.
Einingar – skilgreiningar:	Mælt á skalanum 1-5. Fjöldi á við hverja komu, þ.e. ef sjúklingur kemur oftár en einu sinni á tímabilinu sem mæling er framkvæmd þá svarar hann könnun við hverja komu. Mælir upplifun gests á biðtíma, þ.e. hversu vel hann sættir sig við núverandi biðtíma. Þannig getur tiltekinn biðtími, t.d. 30 mínútur, verið viðunandi í huga eins (3 í einkunn) en algjörlega óviðunandi í huga annars (1 í einkunn).
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Fer einkunn hækkandi eða lækkandi milli ára? Stofnun setur sér markmið og leitar leiða til að hækka einkunn.
Annað:	Einkunnin 3,5-4 telst almennt góð einkunn. Það þarf ekki að vera markmið að fá yfir 4 í einkunn þar sem það getur kostað of mikið.

Mynd 1.1 D.

D. Ánægja með aðbúnað	Sýnir ánægju með aðbúnað, mælt á skalanum 1-5.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Samræmd könnun á öllum heilbrigðisstofnunum sem framkvæmd er af landlæknisembættinu á 2ja til 3ja ára fresti.
Einingar – skilgreiningar:	Mælt á skalanum 1-5. Fjöldi á við hverja komu, þ.e. ef sjúklingur kemur oftar en einu sinni á tímabilinu sem mæling er framkvæmd þá svarar hann könnun við hverja komu.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Fer einkunn hækkandi eða lækkandi milli ára? Stofnun setur sér markmið og leitar leiða til að hækka einkunn.
Annað:	Einkunnin 3,5-4 telst almennt góð einkunn. Það þarf ekki að vera markmið að fá yfir 4 í einkunn þar sem það getur kostað of mikið.

Mynd 1.1 E.

E. Ánægja með þjónustuframboð	Sýnir ánægju með þjónustuframboð, mælt á skalanum 1-5.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Samræmd könnun á öllum heilbrigðisstofnunum sem framkvæmd er af landlæknisembættinu á 2ja til 3ja ára fresti.
Einingar – skilgreiningar:	Mælt á skalanum 1-5. Fjöldi á við hverja komu, þ.e. ef sjúklingur kemur oftar en einu sinni á tímabilinu sem mæling er framkvæmd þá svarar hann könnun við hverja komu.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Fer einkunn hækkandi eða lækkandi milli ára? Stofnun setur sér markmið og leitar leiða til að hækka einkunn.
Annað:	Einkunnin 3,5-4 telst almennt góð einkunn. Það þarf ekki að vera markmið að fá yfir 4 í einkunn þar sem það getur kostað of mikið.

Mynd 1.1 F.

F. Ánægja með upplýsingagjöf	Sýnir ánægju með upplýsingagjöf, mælt á skalanum 1-5.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Samræmd könnun á öllum heilbrigðisstofnunum sem framkvæmd er af landlæknisembættinu á 2ja til 3ja ára fresti.
Einingar – skilgreiningar:	Mælt á skalanum 1-5. Fjöldi á við hverja komu, þ.e. ef sjúklingur kemur oft en einu sinni á tímabilinu sem mæling er framkvæmd þá svarar hann könnun við hverja komu.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Fer einkunn hækkandi eða lækkandi milli ára? Stofnun setur sér markmið og leitar leiða til að hækka einkunn.
Annað:	Einkunnin 3,5-4 telst almennt góð einkunn. Það þarf ekki að vera markmið að fá yfir 4 í einkunn þar sem það getur kostað of mikið.

1.2 Afgreiðslutími þjónustu

Afgreiðslutími þjónustu birtist í fimm myndum sem sýnir lengd biðtíma eftir þjónustu, ýmis í mínútum eða dögum. Hver mynd skiptist í tvö tímabil (janúar-júní og júlí-desember). Sýnd eru markmið sem ábyrgðarmenn ákveða sjálfir. Markmið eru jafnan sett aðeins hærra en niðurstöður síðasta tímabils. Myndirnar eru:

- A. Biðtími þjónustu (dagar)
- B. Biðtími (mínútur)
- C. Símbiðtími (innan dags)
- D. Biðtími eftir sérfræðingum á legu- og stoðdeildum og heilsugæslu
 - I. Legu- og stoðdeildir – janúar-júní
 - II. Legu- og stoðdeildir – júlí-desember
 - III. Heilsugæsla – sömu tvö tímabil í einni mynd

Mynd 1.2 A.

A. Biðtími þjónustu (dagar)	Sýnir biðtíma helstu þjónustuflokka, mælt í dögum.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Tvisvar á ári. Afgreiðslukerfi Sögu og úrtaksmælingar, tímabundnar mælingar með reglulegu millibili.
Einingar – skilgreiningar:	Mælt í fjölda daga að meðaltali á tímabilinu fyrir hvern flokk/aðgerð.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Fer biðtími vaxandi eða minnkandi milli tímabila? Stofnun setur sér markmið og grípur til aðgerða til að stytta biðtíma.
Annað:	Huga þarf að jafnvægi biðtíma og kostnaðar.

Mynd 1.2 B.

B. Biðtími (mínútur)	Sýnir biðtíma á stoðdeild og viðbragðstíma sjúkraflutninga.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Tvisvar á ári. Afgreiðslukerfi Sögu og úrtaksmælingar, tímabundnar mælingar með reglulegu millibili.
Einingar – skilgreiningar:	Mælt í mínútum að meðaltali á tímabilinu fyrir hvern flokk/aðgerð. Viðbragðstími sjúkraflutnings telst vera frá því að ákveðið er að senda sjúkrafreið og þar til bifreið er lögð af stað á slysstað.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Fer biðtími vaxandi eða minnkandi milli tímabila? Stofnun setur sér markmið og grípur til aðgerða til að stytta biðtíma.
Annað:	Huga þarf að jafnvægi biðtíma og kostnaðar.

Mynd 1.2 C.

C. Símbiðtími (innan dags)	Sýnir biðtíma eftir símatíma á deildum eftir því hvort menn komast að samdægurs eða ekki. Mælt í hlutfalli þeirra sem komast að samdægurs.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Tvisvar á ári. Afgreiðslukerfi Sögu og úrtaksmælingar, tímabundnar mælingar með reglulegu millibili.
Einingar – skilgreiningar:	Mælt sem hlutfall þeirra sem komast að í símatíma samdægurs.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Fer hlutfall hækkandi eða lækkandi milli tímabila? Stofnun setur sér markmið og grípur til aðgerða til að stytta biðtíma.
Annað:	Huga þarf að jafnvægi biðtíma og kostnaðar.

Mynd 1.2 D-I-III.

D-I & II. Biðtími eftir sérfræðingum og heilsugæslu	Sýnir biðtíma eftir hópum sérfræðinga, mælt í dögum. Fyrir legudeild og stoðdeild eru tvær myndir fyrir hvort tímabil fyrir sig, janúar-júní og júlí-desember. Fyrir heilsugæslu er ein mynd fyrir bæði tímabilin.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Tvisvar á ári. Afgreiðslukerfi Sögu og úrtaksmælingar, tímabundnar mælingar með reglulegu millibili.
Einingar – skilgreiningar:	Mælt sem fjöldi daga sem beðið er eftir sérfræðingi. Meðaltal tímabils. Biðtími fyrir heimahjúkrun er mæling á tíma frá umsókn þar til umsækjandi fær þjónustu.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Fer fjöldi daga vaxandi eða minnkandi milli tímabila? Stofnun setur sér markmið og grípur til aðgerða til að stytta biðtíma.
Annað:	Huga þarf að jafnvægi biðtíma og kostnaðar.

1.3 Fjöldi sérgreina

Fjöldi sérgreina sýnir umfang þjónustu stofnunar og héraðs í fjölda sérgreina, einnig fjölda koma til sérfræðinga eftir sérgreinum. Mynd A er skoðuð minnst árlega en gagnlegt væri að uppfæra mynd B oftar. Þannig er hægt að nota myndirnar sem stöðumyndir með upphafspunkt um áramót.

Þar sem myndir sýna ekki samanburð við fyrra ár er gagnlegt að halda fyrri tölum til haga og bera saman milli ára og gera lokaskýrslu milli ára.

Myndirnar eru:

- A. Fjöldi innan sérgreina
- B. Fjöldi koma

Mynd 1.3 A.

A. Fjöldi innan sérgreina	Sýnir fjölda sérfræðinga á stofnun og í héraði.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað árlega eða oftar. Sjúklingabókhalð/Saga 3.1/talning/samskiptaseðlar (fjöldi notenda á sérgrein).
Einingar – skilgreiningar:	Mælt sem fjöldi sérfræðinga. Lokastaða/talning í lok tímabils. Athugasemdir ef um breytingu hefur verið að ræða. Hægt að nýta sem yfirlit.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Er fjöldi sérfræðinga nægur til að sinna þörf fyrir þjónustu? Hverjar eru breytingarnar á fjölda sérfræðinga milli ára? Styrkja sérfræðigreinar, fjölga ferliverkaeingum og auka stöðugleika í mönnun.
Annað:	

Mynd 1.3 B.

C. Fjöldi koma	Sýnir fjölda koma sjúklinga til sérfræðinga, talið í fjölda koma. Sýnir einnig uppsafnaðan fjölda allra koma.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað árlega eða oftar. Sjúklingabókhald/Saga 3.1/talning/samskiptaseðlar (fjöldi notenda á sérgrein).
Einingar – skilgreiningar:	Mælt sem fjöldi koma til sérfræðings. Talið sem fjöldi þjónustupátta samkvæmt reikningi Lokastaða/talning í lok tímabils. Athugasemdir ef um breytingu hefur verið að ræða. Hægt að nýta sem yfirlit til dags. Sjá enn fremur skilgreiningu landlæknis.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Er fjölgun frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir ákveðna sérfræðinga að breytast? Styrkja sérfræðigreinar, fjölga ferliverkaeiningum og auka stöðugleika í mönnun.
Annað:	

1.4 Ábendingar

Flokkurinn ábendingar er einföld greining á helstu þáttum ábendinga og kvartana, þ.e. eðli þeirra, fjölda og efni ásamt hlutfalli þeirra sem brugðist er við. Móttaka og rýni ábendinga er mikilvægur hluti af gæðastarfi og lærdómsferli fyrirtækja og stofnana sem vilja bæta árangur sinn.

Myndirnar eru sex talsins. Þær ætti að skoða með reglulegu millibili á fundum gæðaráða (eða starfsmanna með ábyrgð á verklagi og þjónustu), á eins til tveggja mánaða fresti. Gögnin eru auk þess notuð í árlegum stöðuskýrslum sem samanburði við fyrri ár. Innan árs og uppfærðar má nota þær sem stöðumyndir og miða skal við áramót.

Mikilvægt er að til sé formlegur farvegur fyrir móttöku og meðhöndlun kvartana og ábendinga (verklag). Æskilegt er að verklagið sé að einhverju leyti samræmt eða uppfylli tiltekin lágmarksskilyrði.

Í viðauka er að finna tillögu að verklagi varðandi meðhöndlun ábendinga.

Ráð! Einföld leið til að safna saman ábendingum er t.d. að setja upp ábendingakassa með eyðublöðum og taka á móti ábendingum á heimasíðu.

Önnur leið er að afhenda gestum matsblað og hvetja þá til að fylla það út og tjá skoðun sína. Einnig ætti að vera farvegur fyrir ábendingar á heimasíðu.

Þriðja leiðin er að skrá ábendingar í tölvu í móttöku sem allir hafa aðgang að og/eða á heimasíðu (sjá t.d. móttöku Blóðbankans).

Mikilvægt er að gæta nafnleyndar ef þess er óskað og að hlutlausir aðilar skrái síðan allar ábendingar í grunn til umfjöllunnar.

Stjórnendur þurfa meðvitað að byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart ábendingum og koma á verklagi varðandi meðhöndlun þeirra.

Myndirnar eru:

- A. Heildarfjöldi ábendinga eftir deildum
- B. Hlutfall ábendinga sem brugðist er við
- C. Efni ábendinga
- D. Þróun ábendinga milli ára
- E. Boðleið ábendinga milli ára
- F. Boðleið ábendinga

Mynd 1.4 A.

A. Heildarfjöldi ábendinga eftir deildum	Sýnir hlutfallslega skiptingu fjölda ábendinga eftir deildum.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað með reglulegu millibili, t.d. á 1-2 mánaða fresti, minnst árlega. Eyðublöð í ábendingakassa, bréfaskriftir til stjórnenda, munnlegar ábendingar skráðar af starfsfólki. Einnig ábendingar frá landlækni, ráðuneyti og öðrum heilbrigðisstofnunum.
Einingar – skilgreiningar:	Hlutfall ábendinga eftir deildum. Hægt að nýta sem yfirlit til dags. Sérhver efnispáttur ábendingar telst vera sérstök ábending. Þannig getur eitt kvartanabréf innihaldið margar mismunandi ábendingar sem jafnvel eiga við margar deildir.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Grípa til aðgerða sem bæta þjónustu og viðmót. Setja markmið um aukin gæði.
Annað:	

Mynd 1.4 B.

B. Hlutfall ábendinga sem brugðist er við	Sýnir hlutfallslegan fjölda ábendinga sem brugðist hefur verið við eftir deildum.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað með reglulegu millibili, t.d. á 1-2 mánaða fresti, minnst árlega. Eyðublöð í ábendingakassa, bréfaskriftir til stjórnenda, munnlegar ábendingar skráðar af starfsfólki. Einnig ábendingar frá landlækni, ráðuneyti og öðrum heilbrigðisstofnunum.
Einingar – skilgreiningar:	Hlutfall ábendinga eftir deildum. Hægt að nýta sem stöðumynd. Að bregðast við ábendingu þýðir að hún fái formlega umfjöllun og sé svarað ef þess er óskað/þörf með bréfi eða tölvupósti. Formleg umfjöllun þýðir að hlutaðeigandi aðilar taki afstöðu til hennar á fundi, staðfest með fundargerð. Eðlilegt er að stofnun setji sér markmið um afgreiðsluhraða allra ábendinga og fellur það undir almennt verklag um meðferð ábendinga.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Grípa til aðgerða sem bæta þjónustu og viðmót. Setja markmið um aukin gæði.
Annað:	Við mótun verklags er mikilvægt að horfa einnig til aldurs ábendinga þó svo að það sé ekki gert hér. Þannig má t.d. ekki geyma erfiðar ábendingar of lengi en það er almennt sterk tilhneiging í þá átt að hliðra sér við erfiðustu málunum þar til í óefni er komið.

Mynd 1.4 C.

C. Efni ábendinga	Flokkun ábendinga eftir ástæðum og niður á deildir.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað með reglulegu millibili, t.d. á 1-2 mánaða fresti, minnst árlega. Eyðublöð í ábendingakassa, bréfaskriftir til stjórnenda, munnlegar ábendingar skráðar af starfsfólki. Einnig ábendingar frá landlækni, ráðuneyti og öðrum heilbrigðisstofnunum.
Einingar – skilgreiningar:	Fjöldi ábendinga. Hægt að nýta sem stöðumynd.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Grípa til aðgerða sem bæta þjónustu og viðmót. Setja markmið um aukin gæði.
Annað:	Huga þarf að þjálfun starfsfólks við úrvinnslu og móttöku ábendinga og hönnun efnisflokka. Vel má vera að endurskoða þurfi þessa flokka þegar fram líða stundir. Forgangsröðun verkefna tekur oft mið af algengustu ábendingunum.

Mynd 1.4 D.

D. Þróun ábendinga milli ára	Sýnir hvort ábendingum varðandi einstaka efnisflokka fjölgar eða fækkar.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað með reglulegu millibili, minnst árlega. Eyðublöð í ábendingakassa, bréfaskriftir til stjórnenda, munnlegar ábendingar skráðar af starfsfólki. Einnig ábendingar frá landlækni, ráðuneyti og öðrum heilbrigðisstofnunum.
Einingar – skilgreiningar:	Fjöldi ábendinga. Hægt að nýta sem stöðumynd.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Grípa til aðgerða sem bæta þjónustu og viðmót. Setja mælanleg markmið um aukin gæði.
Annað:	

Mynd 1.4 E.

E. Boðleið ábendinga milli ára	Sýnir breytingar á boðleiðum ábendinga.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað með reglulegu millibili, minnst árlega. Eyðublöð í ábendingakassa, bréfaskriftir til stjórnenda, munnlegar ábendingar skráðar af starfsfólki. Einnig ábendingar frá landlækni, ráðuneyti og öðrum heilbrigðisstofnunum.
Einingar – skilgreiningar:	Fjöldi ábendinga. Hægt að nýta sem stöðmynd.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Eru nýjar boðleiðir að virka? Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Grípa til aðgerða sem bæta boðleiðir. Setja mælanleg markmið um aukin gæði.
Annað:	

Mynd 1.4 F.

F. Boðleið ábendinga	Sýnir ábendingum varðandi einstaka efnisflokka eftir deildum og boðleiðum.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað með reglulegu millibili, minnst árlega. Eyðublöð í ábendingakassa, bréfaskriftir til stjórnenda, munnlegar ábendingar skráðar af starfsfólki. Einnig ábendingar frá landlækni, ráðuneyti og öðrum heilbrigðisstofnunum.
Einingar – skilgreiningar:	Fjöldi ábendinga. Hægt að nýta sem yfirlit til dags.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Grípa til aðgerða sem bæta þjónustu og viðmót. Setja mælanleg markmið um aukin gæði.
Annað:	

1.5 Starfsemistölur

Myndir undir flokknum starfsemistölur sýna á myndrænu formi nokkrar þeirra talna sem sjúkrastofnanir þekkja nú þegar og eru skilgreindar af landlæknisembættinu. Myndirnar ætti að skoða minnst árlega en gagnlegt er að skoða þær oftár.

Frekari skýringar og skilgreiningar er að finna hjá landlæknisembættinu um lágmarksskráningu á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum.

Myndirnar eru:

- A. Fjöldi rannsókna – flokkar
- B. Fjöldi koma
- C. Fjöldi símtala í símatíma
- D. Nýting sjúkrarýmis
- E. Legusjúklingar
- F. Dreifing legutíma
- G. Hjúkrunarálag/hjúkrunarþyngd
- H. Vitjanir frá heilsugæslu
- I. Fjöldi notenda röntgens og rannsókna
- J. Komur á heilsugæslustöð/stofnun
- K. Aðgerðir/ferliverk
- L. Akstur vegna heimahjúkrunar

Mynd 1.5 A.

A. Fjöldi rannsókna - flokkar	Sýnir fjölda rannsókna innan stofnunarinnar talið í einingum.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefni ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað minnst árlega. Sjúklingabókhald.
Einingar – skilgreiningar:	Hver rannsókn felur í sér ákveðinn fjölda eininga. Einn sjúklingur getur gengist undir margar rannsóknir og þá sömu oftár en einu sinni. Hægt að nýta sem stöðumynd. Talið í einingum
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	Stuðst er við skiptingu í meginflokka. Skynsamlegt er að halda skrá yfir flokkunarkerfið á vísu stað.

Mynd 1.5 B.

B. Fjöldi koma	Sýnir fjölda notenda í einstökum þjónustuflokkum samkvæmt reikningi.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar..
Tíðni og gagnalind:	Skoðað minnst árlega. Sjúklingabókhalld.
Einingar – skilgreiningar:	Fjöldi notenda þjónustunnar talinn í fjölda koma, þ.e. einn sjúklingur getur verið talinn oft vegna tíðra koma. Hægt að nýta sem stöðumynd.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	Flokkar eru ekki tæmandi og viðbúið að þeir verið endurskoðaðir þegar fram líða stundir.

Mynd 1.5 C.

C. Fjöldi símtala í símatíma	Sýnir fjölda símtala í símatíma.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar..
Tíðni og gagnalind:	Skoðað minnst árlega. Sjúklingabókhalld.
Einingar – skilgreiningar:	Fjöldi símtala. Hvert símtal skráð sem eitt þó erindin séu hugsanlega mörg. Hægt að nýta sem stöðumynd.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	Flokkar eru ekki tæmandi og viðbúið að þeir verið endurskoðaðir þegar fram líða stundir.

Mynd 1.5 D.

D. Nýting sjúkrarýmis	Sýnir nýtingu sjúkrarýmis á ársgrundvelli.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað minnst árlega. Sjúklingabókhalld.
Einingar – skilgreiningar:	<p>Mælt sem hlutfall notaðra rúma af skráðum rúmunum.</p> <p>Samkvæmt handbók landlæknisembættis: „Til þess að fá raunhæfari mynd af fjölda sjúkrarúma sem raunverulega eru notuð til vistunar legusjúklinga (m.a. vegna sumarlokana) er lagt til að reiknaður verði fjöldi „notaðra rúma“ og verði þær upplýsingar til viðbótar við skráðu rúmin. Þessi reiknaði rúmafjöldi ársins er á legudeildum fenginn með því að deila í legudagafjölda með $365 \cdot 0,9$ og fæst þannig hugmynd um meðalrúmanotkun ársins miðað við 90% nýtingu (90% nýting til að gera ráð fyrir árstíðabundnum sveiflum). Ef reikna á notuð rúm eftir mánuðum skal gera ráð fyrir 100% nýtingu.”²</p> <p>Á dagdeildum er deilt með heildarfjölda þeirra daga (fyrir allt árið) sem deildin var opin margfölduðum með 0,9 eins og á legudeildum.“</p>
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi nýtingu? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	

Mynd 1.5 E.

E. Legusjúklingar	Skiptir sjúklingum upp í langtíma-, skammtímasjúklinga.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar..
Tíðni og gagnalind:	Skoðað minnst árlega. Sjúklingabókhalld.
Einingar – skilgreiningar:	Einföld talning. Sjúklingur gæti hins vegar útskrifast sem skammtímasjúklingur og lagst aftur inn sem langtímasjúklingur – í því tilfalli er um tvær skráningar að ræða.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	

² Landlæknisembættið, Lámarksskráning vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum, 3.útgáfa 2001. bls. 13

Mynd 1.5 F.

F. Dreifing legutíma	Sýnir meðallegutíma.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar..
Tíðni og gagnalind:	Skoðað minnst árlega. Sjúklingabókhald.
Einingar – skilgreiningar:	Meðaltal og dreifing í flokka.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	

Mynd 1.5 G.

G. Hjúkrunarþyngd	Sýnir hjúkrunarþyngdarstuðul í samanburði við síðasta ár.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað minnst árlega. RAI - mat.
Einingar – skilgreiningar:	Hjúkrunarþyngd – Miðað er við RAI-mat (sjá skilgreiningu hjá landlæknisembættinu).
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	

Mynd 1.5 H.

H. Vitjanir frá heilsugæslu	Sýnir vitjanir hjúkrunarfræðinga og lækna á aðra staði, s.s. heimahjúkrun, ungbarnaeftirlit og læknisvitjanir.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað minnst árlega. Sjúklingabókhald/Saga 3.1/talning/samskiptaseðlar.
Einingar – skilgreiningar:	Ein vitjun er ein heimsókn til einstaklings. Vitjun í skóla þar sem skoðaðir eru 10 nemendur telst vera 10 vitjanir.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	

Mynd 1.5 I.

I.Fjöldi koma í rannsóknir og röntgenmyndatöku	Sýnir fjölda notenda röntgens og rannsókna.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað minnst árlega. Sjúklingabókhalld/Saga 3.1/talning/samskiptaseðlar.
Einingar – skilgreiningar:	Talið í fjölda koma í rannsóknir og röntgen. Talið í einingum
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	

Mynd 1.5 J.

J.Komur á heilsugæslustöð/stofnun	Sýnir fjölda koma á heilsugæslustöð/stofnun.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað minnst árlega. Sjúklingabókhalld/Saga 3.1/talning/samskiptaseðlar
Einingar – skilgreiningar:	Talið í fjölda koma. Hver sjúklingur getur verið talinn oft ef hann sækir fleiri en eina tegund þjónustu.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	

Mynd 1.5 K.

K. Aðgerðir/ferliverk	Sýnir fjölda aðgerða og einingar við ferliverk eftir aðgerðaflokkum.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað minnst árlega. Sjúklingabókhalld.
Einingar – skilgreiningar:	Sýnir fjölda aðgerða og fjölda eininga við ferliverk flokkað eftir aðgerðaflokkum.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	

Mynd 1.5 L.

K. Heimahjúkrun – meðaltal ekinna km á heimsókn	Sýnir fjölda ekinna kílómetra á heimsókn að meðaltali á ári.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað minnst árlega. Sjúklingabókhalð.
Einingar – skilgreiningar:	Sýnir heildarfjölda keyrðra km á heimsókn að meðaltali á ári. Akstur fram og til baka í heimahjúkrun. Endurspeglar kostnað vegna heimahjúkrunar í dreifðri byggð sem m.a. felur í sér slakari nýtingu á starfsfólki vegna mikils ferðatíma.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir ákveðinni málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	

2 Fjármál

Hugmyndafræði árangursstjórnunar felur í sér að rýnt sé reglulega í lykilupplýsingar til að hægt sé að uppgötva breytingar í tíma. Mikilvægur hluti af því er að skipuleggja verklag og fundi þar sem farið er markvisst yfir árangursmælikvarða.

Það er hér sem skorkortið kemur til skjalanna – með uppfært yfirlit yfir stöðu stofnunar eru meiri möguleikar að grípa inn í neikvæða þróun. Myndir fjármálaskorkortsins eru ekki tæmandi en ættu að vekja næga athygli á vandamálum til að gripið sé til sértækra aðgerða og nánari greiningar.

Fjármálum er skipt upp í fimm þætti í skorkortinu.

1. Frávik frá rekstraráætlun
2. Birgðastjórnun/innkaup
3. Þróun launakostnaðar
4. Fjárfesting í tækjum
5. Fjármagnskostnaður

Ráð: Mikilvægt er að mánaðar áætlanir taki tilliti til eðlilegra sveiflna í útgjöldum en séu ekki ársáætlunin deilt með tólf. Þannig má betur gera sér grein fyrir frávikum einstakra mánaða og grípa inni í tíma.

Frávik frá rekstraráætlun er sýna mismun áætlaðra rekstrargjalda við raun, uppfært mánaðarlega. Í upphafi árs er áætlun skráð í gagnatöflur ásamt rekstrarframlögum. Mánaðaruppgjör er skráð inn í gagnatöflur og þá reiknast frávik sjálfkrafa.

Myndirnar eru:

- A. Rekstraráætlun og rauntölur stofnunar
- B. Uppsafnað frávik deilda
- C. Lausafjárstaða
- D. Fjármagnstekjur/fjármagnsgjöld
- E. Uppsafnað – legudeildir
- F. Uppsafnað – stoðdeildir
- G. Uppsafnað – þjónustudeildir
- H. Uppsafnað – heilsugæsla

Mynd 2.1 A.

A. Rekstraráætlun og rauntölur stofnunar	Sýnir uppsöfnuð gjöld stofnunar og áætlun þar sem mismunur kemur fram í frávikslínu.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað mánaðarlega. Gögn úr fjárhagskerfi.
Einingar – skilgreiningar:	Krónur (mynd breytir kvarða eftir tölum).
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	Næsta skref væri að skoða mynd B til að greina hvar frávik er að finna.

Mynd 2.1 B.

B. Uppsafnað frávik deilda	Sýnir uppsafnað frávik deilda.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað mánaðarlega. Gögn úr fjárhagskerfi.
Einingar – skilgreiningar:	Krónur (mynd breytir kvarða eftir tölum).
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	Næsta skref væri að skoða myndir fyrir hverja deild þar sem hægt er að sjá frávik fyrir hvern mánuð.

Mynd 2.1 C.

C. Lausafjárstaða	Sýnir lausafjárstöðu fyrir hvern mánuð.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað mánaðarlega. Gögn úr fjárhagskerfi.
Einingar – skilgreiningar:	Krónur (mynd breytir kvarða eftir tölum).
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	

Mynd 2.1 D.

D. Fjármagnstekjur/ fjármagnsgjöld	Sýnir fjármagnstekjur, fjármagnsgjöld og mismun þeirra.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað mánaðarlega. Gögn úr fjárhagskerfi.
Einingar – skilgreiningar:	Krónur (mynd breytir kvarða eftir tölum).
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	

Mynd 2.1 E-H.

E-H. Uppsafnað – deildir	Mynd sýnir uppsöfnuð gjöld deilda og áætlun þar sem mismunur kemur fram í frávikslínu, fyrir hvern mánuð.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað mánaðarlega. Gögn úr fjárhagskerfi.
Einingar – skilgreiningar:	Krónur (mynd breytir kvarða eftir tölum).
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi.
Annað:	

2.1 Birgðastjórnun/innkaup

Lækka má fjármagnskostnað stofnunar með minnkun birgða. Gögn eru sótt úr birgðakerfi og fjárhagskerfi. Hugsanlega þarf að telja lager til að fá birgðastöðu. Horft er til stefnu ríkisins í innkaupamálum þar sem sóst er eftir stærðarhagkvæmni í innkaupum en jafnframt lágmörkun birgða.

Myndirnar eru:

- A. Birgðir sem hlutfall af rekstrarfjármunum
- B. Innkaup sviða
- C. Samtals vörukaup á árinu (uppsafnað)
- D. Birgðafyrning
- E. Flutningskostnaður
- F. Innkaup og útboð
- G. Birgjar og meðal innkaup

Mynd 2.2 A.

A. Birgðir sem hlutfall af rekstrarfjármunum	Sýnir birgðir sem hlutfall af rekstrarfjármunum, fyrir hvern ársfjórðung.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað ársfjórðungslega. Gögn birgða- og sölukerfis/talning.
Einingar – skilgreiningar:	Hlutfallstala.
Túlkun – aðgerðir til úrbóta:	Breytingar frá fyrra tímabili? Er þörf fyrir sértækar aðgerðir varðandi tiltekna málaflokka? Staða m.t.t. markmiða? Reynslutölur til áætlanagerðar – forspárgildi. Einfalda og samræma innkaupaferlið. Fjölga samningum þar sem birgjar halda lager.
Annað:	

Mynd 2.2 B.

B. Innkaup sviða	Sýnir innkaup fyrir hverja deild, fyrir hvern ársfjórðung, ásamt samtölu og áætlun fyrir árið.
Ábyrgðarmaður:	Stofnun tilnefnir ábyrgðarmann með það að leiðarljósi að dreifa ábyrgð innan framkvæmdastjórnar.
Tíðni og gagnalind:	Skoðað ársfjórðungslega. Gögn birgða- og sölukerfis/talning.
Einingar – skilgreiningar:	Krónutala.
